



Sett með blæju fyrir tvo eða fjóra farþega

Workman® HDX-D vinnubíll

Tegundarnúmer 07921—Raðnúmer 400000000 og upp úr

Tegundarnúmer 07922—Raðnúmer 400000000 og upp úr

Form No. 3446-948 Rev A

Leiðbeiningar um uppsetningu

Uppsetning

1

Vinnuvélin undirbúin

Engir hlutar nauðsynlegir

Verklag

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
4. Aftengið rafhlöðuna; frekari upplýsingar eru í *notendahandbókinni*.
5. Lyftið pallinum upp í sturtstöðu og festið hann með stífunni.


2

Göt boruð fyrir festirör

Engir hlutar nauðsynlegir

Verklag


1. Notið málín sem sýnd eru í [Mynd 1](#) og borið eitt gat (5/16 to.) í gólfplötuna að utanverðu, báðum megin við vinnubílinn.



Mynd 1

g259750

2. Notið málín sem sýnd eru í [Mynd 2](#) og borið eitt gat (5/16 to.) í gólfplötuna að utanverðu, hægra og vinstra megin við vinnubílinn.



Mynd 2

g259751



3


Uppsetning á festirörum að framan

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

2	Festirör að framan
2	Kragabolti (5/16 x 3 to.)
2	Stöðuhólkur (5/8 x 1 to.)
4	Sjálflæsandi ró (5/16 to.)
2	Stýribolti (5/16 x 2 to.)

Verklag

Setjið fremri festirörin tvö laust upp með því að nota kragaboltana 2tvo (5/16 x 3 to.), tvo stöðuhólka (5/8 x 1 to.), fjórar kragarær (5/16 to.) og tvo 2 stýribolta (5/16 x 2 to.), eins og sýnt er á [Mynd 3](#).



Mynd 3

Vinstri hlið sýnd

- | | |
|-------------------------------|------------------------------|
| 1. Sjálflæsandi ró (5/16 to.) | 4. Stýribolti (5/16 x 2 to.) |
| 2. Festirör að framan | 5. Stöðuhólkur (5/8 x 1 to.) |
| 3. Kragabolti (5/16 x 3 to.) | |

4

Hliðarhlífar fjarlægðar


Engir hlutar nauðsynlegir

Fyrir bensínvinnubíla

Mikilvægt: Áður en þessi aðgerð er framkvæmd skal skoða vinnubílinn til að athuga hvort uppsetningargötin eru þegar til staðar. Ef ekki skal halda áfram með verkferlið.

Ath.: Haltu eftir öllum vélbúnaði sem var fjarlægður í þessu verkferli.

1. Fjarlægðu kragaboltann sem festir eldsneytisgeyminn við geymisbakkann ([Mynd 4](#)).



Mynd 4

- | | |
|---------------------|----------------------|
| 1. Eldsneytisgeymir | 4. Eldsneytisleiðsla |
| 2. Skrúfa | 5. Loftunarslanga |
| 3. Festing | 6. Kragabolti |

2. Fjarlægðu skrufurnar sem festa ([Mynd 4](#)).

3. Aftengið loftunarleiðsluna og eldsneytisleiðsluna af geyminum (Mynd 4).


Ath.: Hafið til búnað til að grípa og hreinsa upp eldsneyti sem kann að leka niður þegar eldsneytisleiðslan er aftengd frá geyminum.

⚠ HÆTTA

Við sérstakar aðstæður getur eldsneyti verið sérstaklega eldfimt og mjög sprengifimt. Eldur eða sprenging af völdum eldsneytis getur valdið brunasárum og eignatjóni.

- Tappið eldsneytinu af eldsneytisgeyminum þegar vélin er orðin köld. Þetta skal gera utan dyra og á opnu svæði. Þurrkið upp allan eldsneytisleka.
- Aldrei reykja við meðhöndlun eldsneytis og haldið eldsneyti fjarri opnum eldi, annars er hætt á að neistaflug geti kveikt í eldsneytisgufum.


4. Fjarlægið eldsneytisgeyminn úr bakkanum.
5. Fjarlægið kragaboltana tvo sem festa eldsneytisgeymisbakkann við grindina (Mynd 5).



Mynd 5

1. Eldsneytisgeymisbakki 2. Kragabolti


6. Fjarlægið skrufurnar fjórar sem festa vinstri hliðarhlífina við neðri sætissamstæðuna (Mynd 6).



Mynd 6

1. Vinstri hliðarhlíf 2. Skrufa


7. Fjarlægið mínuskaðinn (-) af rafhlöðunni og því næst plúskapapinn (+) (Mynd 7).



Mynd 7

1. Ró 3. Bolti
2. Plúskapall (+) 4. Mínuskaðinn (-)

8. Fjarlægið kragaboltana tvo sem festa eldsneytisgeymisbakkann við grindina (Mynd 8).



Mynd 8

1. Kragabolti 3. Hægri hliðarhlíf
2. Borskrúfa


9. Fjarlægið skrufurnar fjórar sem festa hægri hliðarhlífina við neðri sætissamstæðuna (Mynd 8).

Fyrir rafknúna vinnubíla

Mikilvægt: Áður en þessi aðgerð er framkvæmd skal skoða vinnubílinn til að athuga hvort uppsetningargötin eru þegar til staðar. Ef ekki skal halda áfram með verkferlið.

Ath.: Haltu eftir öllum vélbúnaði sem var fjarlægður í þessu verkferli.


1. Fjarlægið borskrúfurnar fjórar sem festa hægri hliðarhlífina við vinnubílinn (Mynd 9).



Mynd 9

1. Hægri hliðarhlíf 2. Borskrúfa

2. Fjarlægið boltana tvo sem festa hleðslufestinguna við rafhlöðubakkann (Mynd 10).



Mynd 10

1. Vinstri hliðarhlíf 3. Bolti
2. Borskrúfa

3. Fjarlægið borskrúfurnar fjórar sem festa vinstri hliðarhlífina við vinnubílinn (Mynd 10).

Borað fyrir stoðfestingu

Engir hlutar nauðsynlegir

Verklag


Borið fyrir stoðfestingu með því að nota mælingarnar sem sýndar eru í [Mynd 11](#).

Þegar efsta gatið er borað skal gæta þess að bora alla leiðina í gegnum ytri festinguna, röragrindina og eldvarnarvegginn.

⚠ VARÚÐ

Sýnið aðgát þegar borað er í hægri hlið grindarinnar á rafknúnum vinnubíl.

Ef borað er of langt inn er hætta á skemmdum á rafhlöðu og öðrum íhlutum.



Mynd 11

g260925

6

Hliðarhlífur settar upp

Engir hlutar nauðsynlegir

Fyrir bensínvinnubíla

1. Festið hægri hliðarhlíf með því að nota skrúfurnar fjórar sem voru fjarlægðar áður ([Mynd 8](#)).
2. Festið rafhlöðubakkann við grindina með því að nota kragaboltana tvo sem voru fjarlægðir áður ([Mynd 8](#)).
3. Festið rafhlöðukaplana með því að nota boltana tvo og rærnar tvær sem voru fjarlægðar áður ([Mynd 7](#)).
4. Festið vinstri hliðarhlíf með því að nota skrúfurnar fjórar sem voru fjarlægðar áður ([Mynd 6](#)).
5. Festið eldsneytisgeymisbakkann við með því að nota kragaboltana tvo sem voru fjarlægðir áður ([Mynd 5](#)).
6. Komið eldsneytisgeyminum fyrir í eldsneytisgeymisbakkann.
7. Tengið eldsneytisleiðsluna og loftunarslönguna við eldsneytisgeyminn ([Mynd 4](#)).
8. Festið festinguna með því að nota skrúfurnar sem voru fjarlægðar áður ([Mynd 4](#)).
9. Festið eldsneytisgeyminn við eldsneytisgeymisbakkann með því að nota kragaboltann sem var fjarlægður áður ([Mynd 4](#)).
10. Fyllið á eldsneytisgeyminn samkvæmt leiðbeiningunum í *notendahandbókinni*.

Fyrir rafknúna vinnubíla

1. Festið vinstri hliðarhlíf með því að nota borskrúfurnar fjórar sem voru fjarlægðar áður ([Mynd 10](#)).
2. Festið eldsneytisgeymisbakkann við með því að nota kragaboltana tvo sem voru fjarlægðir áður ([Mynd 10](#)).
3. Festið hægri hliðarhlíf með því að nota borskrúfurnar fjórar sem voru fjarlægðar áður ([Mynd 9](#)).

7


Festirör að aftan og festing fyrir rör sett upp

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

2	Festirör að aftan
1	Festing fyrir rör
2	Kragabolti (5/16 x 3 to.)
2	Sjálfæsandi ró (5/16 to.)
2	Kragabolti (3/8 x 1-3/4 to.)
2	Kragabolti (3/8 x 3-1/2 to.)
4	Lásró (3/8 to.)
1	Kantþétti

Verklag

1. Setjið aftari festirörin tvö lauslega upp með því að nota tvo kragabolta (3/8 x 3-1/2 to.), tvo kragabolta (3/8 x 1-3/4 to.) og fjórar lásrær (3/8 to.), eins og sýnt er á [Mynd 12](#).




Mynd 12

Vinstri hlið sýnd

1. Festirör að aftan
2. Lásró (3/8 to.)
3. Kragabolti (3/8 x 1-3/4 to.)
4. Kragabolti (3/8 x 3-1/2 to.)

2. Festið festingu fyrir rörin á aftari festirörin með því að nota tvo kragabolta (5/16 x 3 to.) og tvær sjálfæsandi rær (5/16 to.), eins og sýnt er á [Mynd 13](#).

3. Setjið kantþéttið upp á rörafestinguna (Mynd 13).



Mynd 13

- | | |
|-------------------------------|------------------------------|
| 1. Kantþétti | 3. Kragabolti (5/16 x 3 to.) |
| 2. Sjálflæsandi ró (5/16 to.) | 4. Festing fyrir rör |

4. Herðið festingarnar sem voru settar upp í skrefi 1.

Herðið 5/16 to. festingarnar í 20 til 25 N·m.

Herðið 3/8 to. festingarnar í 37 til 45 N·m.

Stoðfestingar fyrir langa blæju settar upp


Aðeins fyrir fjögurra farþega blæju

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

2	Stoðfestingar fyrir langa blæju settar upp
8	Sexkantsbolti með haus (5/16 x ¾ to.)
2	Kantþétti

Verklag

1. Festið stoðfestingarnar tvær fyrir langa blæju að framan og að aftan með því að nota átta sexkantsbolta með haus (5/16 x ¾ to.), eins og sýnt er á [Mynd 14](#).
2. Setjið kantþéttin tvö upp á löngu stoðfestingarnar tvær fyrir blæjuna ([Mynd 14](#)).



Mynd 14

g261122

Blæjan sett upp


Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Blæja
4	Kragabolti ($\frac{1}{4}$ x 1- $\frac{3}{4}$ to.)
4	Þéttiskinna
4	Lásró ($\frac{1}{4}$ to.)

Verklag

Mikilvægt: Ef setja á upp speglasett skal gera það áður en blæjan er sett upp.

Festið blæjuna á festirörin að framan og að aftan með því að nota kragaboltana fjóra ($\frac{1}{4}$ x 1- $\frac{3}{4}$ to.), þéttiskinnurnar fjórar og lásrærnar fjórar ($\frac{1}{4}$ to.), eins og sýnt er á [Mynd 15](#).



g259844

Mynd 15

Blæja fyrir tvo farþega sýnd

- | | |
|---------------------------------|---|
| 1. Þéttiskinna | 3. Blæja |
| 2. Lásró ($\frac{1}{4}$ tommu) | 4. Kragabolti ($\frac{1}{4}$ x 1- $\frac{3}{4}$ to.) |


Stoðfesting fyrir blæju sett upp

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Stoðfesting fyrir blæju
2	Kragabolti ($\frac{1}{4} \times 2\text{-}\frac{1}{4}$ to.)
2	Lásró ($\frac{1}{4}$ tommu)
2	Þéttiskinna
1	Kantþétti
2	Stöðuhólkur ($\frac{1}{4}$ to.)

Verklag


- Setjið kantþéttið upp á rörafestinguna ([Mynd 16](#)).



Mynd 16

g259845

2. Festið stoðfestinguna fyrir blæjuna á stuðningsörin og blæjuna að framan með því að nota kragaboltana fjóra ($\frac{1}{4} \times 2\frac{1}{4}$ to.), stöðuhólkana tvo ($\frac{1}{4}$ to.), þéttiskinnurnar tvær og lásrærnar tvær ($\frac{1}{4}$ to.), eins og sýnt er á [Mynd 17](#).



g259846

Mynd 17

Blæja fyrir tvo farþega sýnd

- | | |
|-------------------------------------|--|
| 1. Lásró ($\frac{1}{4}$ tommu) | 4. Kragabolti ($\frac{1}{4} \times 2\frac{1}{4}$ to.) |
| 2. Þéttiskinna | 5. Stoðfesting fyrir blæju |
| 3. Stöðuhólkur ($\frac{1}{4}$ to.) | |

Stuðningsrör fyrir blæju sett upp


Aðeins fyrir fjögurra farþega blæju

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Stuðningsrör fyrir blæju
6	Lásró ($\frac{1}{4}$ tommu)
2	Þéttiskinna
2	Kragabolti ($\frac{1}{4} \times 1\frac{1}{2}$ to.)
1	Svamppúði
4	Kragabolti ($\frac{1}{4} \times 1\frac{1}{4}$ to.)

Verklag


1. Leggið svamppúðann að stuðningsrörinu fyrir blæjuna ([Mynd 18](#)).



Mynd 18

g261160

2. Festið stuðningsrörið fyrir blæjuna á stuðningsfestingar fyrir langa blæju með því að nota kragaboltana fjóra ($\frac{1}{4} \times 1\frac{1}{4}$ to.) og lásrænar fjórar ($\frac{1}{4}$ to.), eins og sýnt er á [Mynd 19](#).




g262068

Mynd 19

- | | |
|--|---------------------------------|
| 1. Stoðfestingar fyrir langa blæju settar upp | 3. Lásró ($\frac{1}{4}$ tommu) |
| 2. Kragabolti ($\frac{1}{4} \times 1\frac{1}{4}$ to.) | 4. Stuðningsrör fyrir blæju |

3. Notið stuðningsrör blæjunnar sem sniðmát og borið tvö göt (6 mm eða $\frac{1}{4}$ to.) í blæjuna.
4. Festið stuðningsrörið fyrir blæjuna við blæjuna með því að nota kragaboltana tvo ($\frac{1}{4} \times 1\frac{1}{2}$ to.), þéttiskinnurnar tvær og lásrænar tvær ($\frac{1}{4}$ to.) eins og sýnt er á [Mynd 20](#).



g261161

Mynd 20

- | | |
|---------------------------------|--|
| 1. Lásró ($\frac{1}{4}$ tommu) | 3. Kragabolti ($\frac{1}{4} \times 1\frac{1}{2}$ to.) |
| 2. Þéttiskinna | 4. Stuðningsrör fyrir blæju |

Athugasemdir:

Athugasemdir:



Ábyrgð Toro

Takmörkuð tveggja ára ábyrgð

Skilmálar og vörur sem falla undir ábyrgð

Toro Company og tengdur aðili þess, Toro Warranty Company ábyrgjast sameiginlega gagnvart þér, samkvæmt samkomulagi á milli þessara tveggja aðila, að Toro-varan („vara“) þín sé laus við efnis- og smíðagalla í tvö ár eða 1500 vinnustundir*, hvort sem kemur á undan. Þessi ábyrgð nær til allra vara nema loftunarbúnaðar (sjá aðskildar ábyrgðaryfirlýsingar fyrir þær vörur). Komi upp tilvik sem falla undir ábyrgð önnurnar við viðgerð á vörunni þér að kostnaðarlausu, þar með talið greining, vinna, varahlutir og flutningur. Þessi ábyrgð tekur gildi þegar varan er afhent fyrsta kaupanda. * Varan er búin vinnustundamæli.

Leiðbeiningar um hvernig skal nálgast ábyrgðarþjónustu

Þú berð ábyrgð á að tilkynna dreifingaraðila eða vottuðum söluaðila sem þú keyptir vöruna frá um ábyrgðartilvik um leið og það kemur í ljós. Ef þú þarfnast aðstoðar við að finna næsta dreifingaraðila eða vottaða söluaðila eða ef þú hefur spurningar um ábyrgðarréttindi þín eða skyldur geturðu haft samband við okkur á:

Toro Commercial Products Service Department
Toro Warranty Company
8111 Lyndale Avenue South
Bloomington, MN 55420-1196

952-888-8801 eða 800-952-2740
Netfang: commercial.warranty@toro.com

Skyldur eiganda

Sem eigandi vörunnar berð þú ábyrgð á nauðsynlegu viðhaldi og stillingum sem lýst er í *notendahandbókinni*. Ef reglubundið viðhald og stillingar eru ekki framkvæmd er möguleiki á að ábyrgð falli úr gildi.

Hlutir og ástand sem ekki fellur undir ábyrgð

Ekki eru allar bilanir sem upp koma innan ábyrgðartímabilsins vegna efnis- eða smíðagalla. Þessi ábyrgð nær ekki yfir eftirfarandi:

- Bilanir í vöru sem rekja má til notkunar varahluta sem ekki eru frá Toro eða uppsetningar og notkunar viðbóta eða aukahluta og vara sem ekki eru frá Toro. Hugsanlega býður framleiðandi þessara hluta upp á að sína eigin ábyrgð.
- Bilanir í vöru sem rekja má til þess að ráðlögðu viðhaldi og/eða stillingum var ekki sinnt. Ef Toro-vörunni er ekki viðhaldið í samræmi við ráðlagt viðhald í *notendahandbókinni* kann ábyrgðarkröfum að verða hafnað.
- Bilanir í vöru sem rekja má til misnotkunar, hirðulausrar eða ógætilegrar notkunar.
- Íhluti sem slitna við notkun, nema þeir reynist gallaðir. Dæmi um varahluti sem eru notaðir, eða gernýttir, við hefðbundna notkun eru, en ekki takmarkaðir við, bremsuklossar og -borðar, kúplingsborðar, hnifar, kefli, rúllur og legur (einangraðar og smurðar), fastir hnifar, kerti, eltiþjól og legur, hjólbardar, síur, reimar og tiltekni úðaríhlutir á borð við himnur, stúta og einstefnuloka o.s.frv.
- Bilanir vegna utanaðkomandi þátta. Aðstæður sem teljast til utanaðkomandi þátta teljast vera, en eru ekki takmarkaðar við, geymsluvenjur, mengun, notkun ósamþykks eldsneytis, kælivökva, smurefni, íblöndunarefni, áburð, vatn eða iðefni o.s.frv.
- Bilanir eða skert afköst vegna notkunar eldsneytis (t.d. bensíns, díslólíu eða lífdísils) sem ekki uppfyllir viðeigandi iðnaðarstaðla.

Önnur lönd en Bandaríkin eða Kanada

Viðskiptavinir sem kaupa Toro-vörur sem fluttar er út frá Bandaríkjunum eða Kanada skulu hafa samband við viðkomandi dreifingaraðila (söluaðila) Toro vegna upplýsinga um ábyrgð í viðkomandi landi, héraði eða ríki. Ef þú ert af einhverjum sökum óánægð(ur) með þjónustu dreifingaraðilans eða átt í erfiðleikum með að nálgast ábyrgðarupplýsingar skaltu hafa samband við innflytjanda Toro.

- Eðlilegan hávaða, titring, slit og tæringu.
- Eðlilegt slit telst t.d., en er ekki takmarkað við, skemmdir á sætum vegna slits eða svörfunar, slit á máluðum flötum, rispur á merkingum eða rúðum o.s.frv.

Íhlutir

Íhlutir sem skipta þarf um í tengslum við nauðsynlegt viðhald falla undir ábyrgð fram að þeim tíma sem skipta þarf um þá samkvæmt reglubundnu viðhaldi. Íhlutir sem skipt er út í tengslum við þessa ábyrgð falla undir ábyrgð út gildistíma upprunalegrar ábyrgðar vörunnar og þeir eru eign Toro. Toro tekur lokaákvörðun um hvort á að gera við fyrirbyggjandi íhlut eða samstæðu eða hvort skipta eigi um hana. Toro kann að nota endurgerða varahluti við viðgerðir sem falla undir ábyrgð.

Ábyrgð á Li-ion djúphleðslurafhlöðu:

Li-ion djúphleðslurafhlöður eru með tiltekinn heildarflöðu kílóvattstunda sem þær geta afkastað út endingartíma sinn. Notkun, hleðsla og viðhald geta lengt eða dregið úr endingartíma rafhlöðunnar. Þegar rafhlöður eru notaðar í þessari vöru minnkar sú vinna sem hægt er að sinna á milli hleðslulota þar til á endanum að rafhlaðan heldur ekki lengur hleðslu. Skipti á úrsérgengnum rafhlöðum, eftir eðlilega notkun, er á ábyrgð eiganda vörunnar. Hugsanlega þarf að skipta um rafgeymi innan hefðbundins ábyrgðartímabils vörunnar á kostnað eiganda. Athugið: (eingöngu Li-ion rafhlöður): Li-ion rafhlaða er eingöngu með hlutfallslega ábyrgð á varahlutum frá og með þriðja ári og út það fimmta, á grunni vinnustunda og kílóvattstunda. Frekari upplýsingar er að finna í *notendahandbókinni*.

Eigandi greiðir fyrir viðhald

Vélarstilling, smurning, þrif og bón, síuskipti, kælivökvaskipti og framkvæmd reglulegs viðhalds er á meðal hefðbundinnar þjónustu sem sinna þarf á vörum Toro og sem er á kostnað eigandans.

Almennir skilmálar

Viðgerð hjá vottuðum dreifingar- eða söluaðila Toro er þitt eina úrræði samkvæmt þessari ábyrgð.

Hvorki Toro Company né Toro Warranty Company bera ábyrgð á óbeinu, tilfallandi eða afleiddu tjóni vegna notkunar Toro-vara sem undir þessa ábyrgð falla, þar á meðal kostnaði eða útgjöldum vegna staðgöngubúnaðar eða þjónustu á bilunartíma eða stöðvunar fram að lokum viðgerða samkvæmt þessari ábyrgð. Engin önnur bein ábyrgð er í boði, utan útblástursábyrgðarinnar sem vísað er til hér að neðan, ef hún á við. Allar óbeinar ábyrgðir á söluhæfi og notagildi takmarkast við endingartíma þessarar beinu ábyrgðar.

Sum ríki leyfa ekki takmörkun á ábyrgð vegna tilfallandi eða afleidds tjóns, eða takmörkun á því hversu lengi óbein ábyrgð er í gildi, og því kunna takmarkanirnar hér á undan ekki að gilda um þig. Þessi ábyrgð veitir eiganda sérstök lagaleg réttindi, auk annarra mögulegra réttinda sem kunna að vera mismunandi á milli ríkja.

Varðandi ábyrgð á vél:

Útblástursstjórnkerfi vörunnar þinnar kann að falla undir aðskilda ábyrgð sem uppfyllir kröfur Umhverfisverndarstofnunar Bandaríkjanna (EPA) og/eða loftslagsráðs Kaliforníu (CARB). Vinnustundamörk sem gefin eru upp hér á undan tengjast ekki ábyrgð útblástursstjórnkerfisins. Frekari upplýsingar eru í ábyrgðaryfirlýsingu Kaliforníu fyrir útblástursstjórnkerfi sem fylgir vörunni eða sem er að finna í fylgiskjöllum vélarframleiðanda